

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 1248/2018, um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. reglugerðarinnar:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Sveitarfélög skulu gera húsnæðisáætlun til tíu ára í senn og skal hún staðfest af sveitarstjórn.
- b. 3. mgr. orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun ber að fylgja eftir áætlanagerð sveitarfélaga um þörf á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og veita ráðgjöf og upplýsingar við áætlanagerðina.
- c. 4. mgr. orðast svo: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun lætur sveitarfélögum í té þau gögn og aðrar upplýsingar á sviði húsnæðismála sem stofnunarinn hefur safnað og nýst geta sveitarfélögum við vinnslu húsnæðisáætlana. Sveitarfélög skulu skila húsnæðisáætlunum í stafrænt áætlanakerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar ár hvert, sbr. 3. gr.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

Húsnæðisáætlanir.

Í húsnæðisáætlun skal m.a. gerð grein fyrir eftirfarandi atriðum:

1. Hvernig sveitarfélag ætlar að mæta húsnæðisþörf.
2. Mannfjöldaspá:
 - a. Áætlun um þróun íbúafjölda í sveitarfélaginu og fjölda íbúa í hverri íbúð.
 - b. Forsendum fyrir áætlun sveitarfélagsins um þróun íbúafjölda.
 - c. Mati á lýðfræðilegri þróun íbúa sveitarfélagsins, s.s. fæðingartíðni, aldurssamsetningu og þjóðernis íbúa.
3. Stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu:
 - a. Mati á stöðu framboðs íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu.
 - b. Greiningu á fjölda og hlutfalli annars vegar leigu- og hins vegar búseturéttaríbúða í sveitarfélaginu.
 - c. Greiningu á stöðu framboðs þjónustu og innviða, s.s. leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og hjúkrunarrýma.
 - d. Umfangi byggingaframkvæmda í sveitarfélaginu samkvæmt upplýsingum úr mannvirkjaskrá.
 - e. Upplýsingum um gjöld sem byggingaraðili greiðir vegna byggingar íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu, s.s. gatnagerðargjöld, gjöld vegna byggingarréttar eða lóðar, byggingarleyfisgjöld og tengigjöld veitukerfa, miðað við ákveðna tegund húss sem skilgreint er af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun til samanburðar á gjaldtöku vegna nýbygginga milli sveitarfélaga.
4. Skipulagsáætlunum sveitarfélagsins:
 - a. Lóðaframboði til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Sett skal fram áætlun um úthlutun lóða eða lóðarsvæða, m.t.t. uppbyggingarheimilda, ásamt núverandi stöðu þeirra samkvæmt skipulagi.
5. Markmiðum og aðgerðaáætlunum sveitarfélagsins:
 - a. Lýsingu á atvinnuástandi og markmiðum til framtíðar er varða atvinnuuppbyggingu í sveitarfélaginu með hliðsjón af sóknar- og aðgerðaáætlun sveitarfélagsins.
 - b. Markmiðum sveitarfélagsins varðandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, s.s. um hagkvæmt húsnæði, félagslegar íbúðir, þéttingu byggðar o.s.frv.
 - c. Markmiðum sveitarfélagsins varðandi lóðaframboð, s.s. vegna uppbyggingar íbúðarhúsnæðis fyrir tiltekna félagshópa.
6. Þarfagreiningu:
 - a. Mati á húsnæðisþörf vegna mannfjöldaspár, efnahagsþróunar og svæðisbundinnar atvinnustefnu.
 - b. Mati á húsnæðisþörf þeirra sem þurfa sértækar húsnæðislausnir s.s. fatlaðs fólks, aldraðra og námsmanna.
 - c. Mati á húsnæðisþörf annarra félagshópa, s.s. tekju- og eignaminni einstaklinga og þeirra sem þarfnast félagslegra húsnæðisúrræða á vegum sveitarfélaga.

3. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Sveitarfélag og sveitarfélög sem eru með sameiginlega húsnæðisáætlun skulu endurskoða og uppfæra húsnæðisáætlun sína árlega með tilliti til þróunar eða breytinga sem orðið hafa á forsendum hennar síðastliðið ár. Uppfærðum húsnæðisáætlunum skal skila í stafrænt áætlanakerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eigi síðar en 20. janúar ár hvert.

4. gr.

Orðið "gildandi" í 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

5. gr.

Í stað orðsins "Íbúðalánasjóður" í 1. og 2. málsl. 5. gr. reglugerðarinnar kemur: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða í reglugerðinni orðast svo:

Þrátt fyrir 2. málsl. 3. gr. reglugerðarinnar skal uppfærðum húsnæðisáætlunum ársins 2023 skilað í stafrænt áætlanakerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eigi síðar en 1. mars 2023.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 4. mgr. 14. gr. og 50. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, tekur þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 22. desember 2022.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ingilín Kristmannsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.